



Reykjavík 3. nóvember 2023

Til forsvarsmanna Alendis

Öryggisnefnd LH fagnar því framtaki sem þættirnir Ride Masters eru og telur þættina frábæra viðbót við hestamennskuna hér á Íslandi og vill óska Alendis innilega til hamingju með þættina.

Öryggisnefnd telur þó mikilvægt að forsvarsmenn þáttarins gæti að hjálmanotkun þátttakenda og mikilvægi þess að sýna ungum sem eldri knöpum gott fordæmi í öryggismálum.

Það hryggir marga hestamenn að sjá ungan knapa sýna slíkt ábyrgðarleysi að nota ekki hefðbundinn og eðlilegan öryggisbúnað sem hjálmurinn er. Með því að skylda unga knapa til að vera með hjálm væri Alendis bæði að gæta að öryggi knapans og sýna ábyrgð gagnvart honum og einnig ábyrgð gagnvart öðrum knöpum innan áhorfendahópsins með góðu fordæmi. Hjálmaskylda hefur oft komið til umræðu á Íslandi. Hjálmaskylda er í flestöllum reiðhöllum hestamannafélaga og hjálmaskylda er í keppnum. Sem betur fer er hjálmanotkun orðin flestum hestamönnum almenn og eðlileg og því eðlilegt að neikvæð umræða skapist þegar ungur drengur telur sig ekki þurfa á hjálmi að halda. Slíkt viðhorf ber vott um mikið ábyrgðarleysi knapans og vonast öryggisnefnd LH til að Alendis, í ljósi þess að stöðin nær til mikils fjölda hestamanna á öllum aldri, bregðist vel við og styðji við hjálmanotkun og geri hjálmanotkun að skyldu í þáttunum.

Með fyrirfram þökkum og von um að sjá meira af framtaki sem þessu á Alendis.

Virðingarfyllst,

Öryggisnefnd Landssambands hestamannafélaga

Stjórn Landssambands hestamannafélaga